

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sandgerðisbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar í Sandgerðisbæ.

2. gr.

Á árinu 2013 er sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem hér segir:

Sorpreinsunargjald og tunnuleiga:	14.225 kr. á hvert sorpílát.
Sorpeyðingargjald:	23.210 kr. á hverja íbúð.

3. gr.

Árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Sandgerðisbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Sandgerðisbæ, 10. maí 2013.

Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2013